

Ágætu lesendur

Ágætu lesendur,
Útflutningur

Mikið hefur verið rætt um útflutning á mjólkurvörum undanfarið. Segja má að þessi umræða hafi í raun staðið í mörg ár. Auðhumla svf og Mjólkursamsalan ehf. skipuðu fyrr á þessu ári starfshóp til að fara yfir þessi mál og koma með samantekt um, hvernig þeim væri best fyrir komið í næstu framtíð.

Mun hópurinn skila sínum hugmyndum nú í október og verða þær væntanlega til umræðu á haustfundi fulltrúaráðs Auðhumlu svf. þann 6. nóv. nk.

Ljóst er að verkefnið er ekki einfalt og margir þættir sem hafa áhrif á það hvort hagkvæmt sé að flytja út mjólkurvörur.


Einn angi af þessu er útflutningur á þekkingu sem orðið hefur til í íslenskum mjólkuriðnaði á umliðnum árum. Ég nefni þetta hér sérstaklega, þar

sem fram haf komið fréttir af þessum málum í Noregi. Gerðir hafa verið samningar við nokkra aðila þ.á m. er norska fyrirtækið Q-meieriene sem er í eigu KAVLI fyrirtækisins sem margir þekkja. Kavli er með starfsemi í mörgum löndum og er e.t.v. best þekkt fyrir framleiðslu á smurostum.

Skyrframleiðslan er þegar komin í gang í Noregi og er árangur í sölu skyrans framar björtustu vonum. Samningar sem þessir geta hentað okkur, þar sem fjarlægð okkar frá mörkuðum er mikil. Á hitt ber þó að líta að val á samstarfsaðilum er mjög vandasamt. Aðilar sem samið er við þurfa að hafa bæði markaðsaðgang og markaðsreynslu. Framleiðslugeta og hæfni er e.t.v. aftar í röðinni skv. þeirri reynslu sem fengist hefur af þeim samningum sem gerðir hafa verið.

Fulltrúaráð Auðhumlu

Eins og fyrr er getið og fram kemur á öðrum stað í blaðinu verður haustfundur fulltrúaráðs Auðhumlu haldinn í Reykjavík 6. nóv. nk. Eins og áður er



það mikilvægt að fundurinn verði mál-efnalegur og rædd verði þau mál sem mestu skipta fyrir mjólkurframleiðsluna. Ljóst er að af nógu er að taka. Mörg stór hagsmunamál brenna á félagsmönnum, jafnljóst er að erfitt er að finna og veita svör við mörgu af því sem á okkur brennur. Aðstæður í þjóðfélaginu eru þannig og virðast lítið batna.

Bestu kveðjur,
Magnús Ólafsson

Haustfundur

Haustfundur fulltrúaráðs Auðhumlu svf. verður haldinn í Reykjavík föstudaginn 6. nóvember 2009.

Nánari upplýsingar varðandi fundarstað og tímasetningu verða send fulltrúum með fundarboði fljótlega.

Blönduós: Hlutfélagið Grýta

Auðhumla hefur stofnað hlutfélagið Grýtu ehf. um rekstur matvælavinnslu í fyrrum húsnæði mjólkursamlagsins á Blönduósi. Stefnt er að sérhæfðri vinnslu fyrir stóreldhús og bragðefni fyrir aðra matvælaframleiðendur. Forráðamenn Auðhumlu vonast eftir aðkomu fleiri aðila að þessum rekstri fljótlega og skjóti þar með styrkari stoðum undir reksturinn. Uppsetning tæknibúnaðar og tilraunavinnsla stendur nú yfir en gert er ráð fyrir því að seinna í haust verði kominn skriður á starfsemina og þess vænst að við hana fái 3-5 manns atvinnu.



Í viku 37 voru Danir í heimsókn hjá Mjólkursamsölnunni

Heimsóknin var á vegum Fræðslunefndar Mjólkuriðnaðarins, sem sér um menntun mjólkurfræðinga á Íslandi. Nefndin er skipuð af Menntamálaráðherra og starfar í nánun samstarfi við sambærileg dönsk yfirvöld. Hefur slíkt samstarf staðið yfir með einhverjum hætti frá upphafi starfsemi mjólkursamlaga í landinu en eins og kunnugt er voru fyrstu mjólkurfræðingar landsins Danir, sem komu til landsins til að kenna okkur handverkið. Síðast liðin 35 ár hefur samstarfið verið í föstum, formlegum skorðum.

Nú var ákveðið að bjóða skólayfirvöldum og samlagsstjórum þeirra samlaga, sem hafa tekið nema okkar í starfsþjálfun að undanförunu, í heimsókn til að kynna fyrir þeim íslenskan mjólkuriðnað. Farið var í þær starfsstöðvar Mjólkursamsölnunnar, sem hafa verið með nema undanfarin ár utan Egilsstaða, en ekki gafst tími til að heimsækja Austurland að þessu sinni. MS Reykjavík, MS Búðardal, MS Akureyri og MS Selfossi voru heimsótt, auk Samlagsins á Sauðárkróki og Kjöríss og þá var lðan, Fræðslumiðstöð heimsótt. Þetta var mikil yfirreið, á stuttum tíma.



Gestirnir létu afar vel af því sem fyrir augu þeirra bar og töluðu mikið um fjölbreytni í vöruúrvali okkar og ræddu ítrekað um hvað þeim fannst umgengni í samlögnum góð og hreinlæti og snyrtimennska í hávegum höfð.

Fræðslunefndin þakkar fyrirtækjunum sem heimsótt voru fyrir aðstoð við undirbúning heim-

sóknarinnar og starfsmönnum fyrir frábærar móttökur á hverjum stað.

Þess má geta að undanfarin ár hafa þrír til fjórir nemar hafið nám í mjólkurfræði á Íslandi.

Sigurður Mikaelsson formaður Fræðslunefndar Mjólkuriðnaðarins á Íslandi.

Kynning á stjórnarmönnum

Nafn:

Stefán Magnússon

Bú:

Fagraskógi við Eyjafjörð Legg inn hjá MS Akureyri

Heimilishagir:

Maki er Sigrún Jónsdóttir sjúkraþjálfari. Við eigum tvo syni á þrítugsaldri og 11 ára dóttur

Búskapur:

Auk mjólkurframleiðslu er svolítill nautakjötsframleiðsla og nokkrar kindur

Hvenær hófstu búskap?

Kom inn í félagsbúsrekstur með foreldrum mínum 1992 og tók við rekstrinum árið 2000. Var bústjóri á Tílauna-stöðinni á Möðruvöllum 1985–1992

Hvað hefur breyst mest frá því að þú byrjaðir búskap?

Það hefur margt breyst eða þróast. Afköst hafa aukist með betri tækjum, aðstöðu og búnaði. Jarðrækt hefur einnig stóruaukið og á kornræktin stóran þátt í því.

Hver eru sóknarfærin í búskapnum í dag?

Ég hugsa að sóknarfærin séu þau helst að reyna að gera vel það sem maður gerir

Hvar kreppir skórin í búskapnum?

Vextir og mikil hækkun skulda eftir bankahrunið. Einnig eru bankarnir enn ekki í stakk búnir til að lána til nýframkvæmda.

Framtíðaráform þín:

Hlúa að þeim rekstri sem ég hef og reyna að gera hann betri

Félagsmálastörf:

Ég hef verið í félagsmálum lengi. Í stjórn kúabændafélagsins hér í Eyjafirði, í stjórn búnaðarsambandsins og LK. Var í stjórn Auðhumlu sem var samvinnufélag bænda í Eyjafjarðar og Þingeyjarsýslu. Hef verið í stjórn Auðhumlu frá stofnun. Hef auk þess verið í ýmsum stjórnnum sem ekki tengjast mjólkurframleiðslu.



Góð ráð til MS og Auðhumlu:

Mjólkuriðnaðurinn á undir högg að sækja. Mikið hefur verið gert til hagræðingar en ýmsar ytri aðstæður hafa dregið úr árangri hagræðinga- aðgerðanna. En það verður að beita öllum ráðum, rekstrarlegum sem öðrum til að rétta við þann taprekstur sem verið hefur.

Uppgjör nýliðins framleiðsluárs.

Umfram mjólk á nýliðnu framleiðsluári reyndist vera um 10,2 milljónir lítra á félagssvæði Auðhumlu og hefur sjaldan eða aldrei verið jafnmikil. Við uppgjör framleiðsluársins komu 3.227.744 lítrar til útföfnunar á svæði Auðhumlu, þar sem þeir voru ónotaðir af viðkomandi greiðslumarkshöfum.

Uppgjör vegna aukaúthlutunar fór fram í lok september og kom til greiðslu með septemberuppgjöri sem greitt var 12. október. Uppgörið fór þannig fram að bakfært var jafnmikið magn lítra sem greiddir hafa verið á umfram mjólkurverði og úthlutað var til hvers og eins framleiðanda. Þá var gerður nýr afreikningur fyrir úthlutaðu magni á afurðastöðvarverði. Mismunur bókaðist á viðskiptareikning og greiddist út með uppgjöri septembermánaðar eins og áður sagði.

Vopnafjörður: Sala á húsnæði

Í maíbyrjun seldi Auðhumla húsnæði mjólkursamlagsins á Vopnafirði. Kaupendur eru heimamenn og nýta húsnæðið undir eigin starfsemi sem felst m.a. í þjónustu við sveitarfélög o.fl. Mjólkurbú Flóamanna keypti húsnæðið af Mjólkursamlagi Vopnafirðinga árið 2005. Starfsemi samlagsins var lögð niður 1. maí 2006 og hefur húsnæðið staðið að mestu autt síðan.


Samanburður á frumtölu árin 2009 og 2008 hjá innleggjendum MS



Samanburður á líftölu árin 2009 og 2008 hjá innleggjendum MS



Innvigtun mjólkur á landinu eftir vikum



Útgefandi Auðhumla og MS

Ábyrgðarmaður:
Magnús Ólafsson

Ritstjóri:
Garðar Eiríksson, gardare@audhumla.is

Ekki er leyfilegt að vitna í Sveitapóst Auðhumlu og MS á opnum vettvangi.

Upplýsingar um rekstur félagsins og önnur skyld efni má nálgast hjá forstjóra, Magnúsi Ólafssyni, í síma 569 2200.

Sala á mjólkurvörum

September

	Magn (Kg.)				Upphæð			
	Sept 08	Sept 09	Mismunur	%	Sept 08	Sept 09	Mismunur	%
Kg	671.708	609.632	-62.075	-9,24%	544.008.778	584.631.385	40.622.607	7,47%
Ltr	4.393.524	4.585.747	192.223	4,38%	688.639.943	814.541.407	125.901.464	18,28%

Jan-Sep

	Magn (Kg.)				Upphæð			
	Jan-sept 08	Jan-sept 09	Mismunur	%	Jan-sept 08	Jan-sept 09	Mismunur	%
Kg	5.782.386	5.748.651	-33.735	-0,58%	4.474.422.555	5.215.387.206	740.964.651	16,56%
Ltr	37.569.772	40.157.483	2.587.711	6,89%	5.848.527.107	6.895.941.938	1.047.414.831	17,91%

Innvigtun og nýting greiðslumarks á verðlagsárinu 2008-2009

Landið september-ágúst:	2008-2009	2007-2008	Mismunur	Hlutfall
Samtals:	126.339.040	124.954.730	1.384.310	1,11%
Greiðslumark	119.000.000	117.000.000	2.000.000	1,71%
Nýting greiðslumarks	106,17%	106,80%		
Landið janúar-september	2009	2008	Mismunur	Hlutfall
Samtals:	96.670.799	96.660.229	10.570	0,01%

Vikuinnlegg síðustu 5 vikurnar:

Landið síðustu 5 vikur:	2008/2009	2007/2008	Mismunur	Hlutfall
37	2.231.154	2.236.810	-5.656	-0,25%
38	2.205.545	2.229.479	-23.934	-1,07%
39	2.191.646	2.194.155	-2.509	-0,11%
40	2.150.384	2.167.959	-17.575	-0,81%
41	2.119.119	2.161.483	-42.364	-1,96%
Samtals:	10.897.848	10.989.886	-92.038	-0,84%

Yfirlit mælinga hjá MS

Tímabil V/MM/ÁÁ-V/MM/ÁÁ	Fita	Prót	Kas.	Ffs.	Úre.	Fmk.	Líftala MFM	Frumut.	Frumut. MFM	Fjöldi
1/09/09 - 4/09/09	4,14	3,41	2,64	0,7	6,5	-0,540	17	261	242	2.725

Líftala í þúsundum hjá MS

% sýna í hverjum flokki miðað við líftölu						
Mánuður	0-40	0-75	0-400	401-600	601-3000	yfir 3000
Sept. 2009	88,48	95,85	99,74	0,11	0,11	0,04